

REGLUGERÐ

um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra.

1. gr.

Svæðisstjórnir skulu beita sér fyrir því að á hverju svæði sé að finna stuðningsfjölskyldur, eftir því sem þörf krefur.

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlaðan einstakling í umsjá sína í sólarhringsvistun í skamman tíma, sbr. 4. gr., í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu hans. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um að stuðningsfjölskyldan láti í té sérstaka þjálfun eða hæfingu.

2. gr.

Við val á stuðningsfjölskyldu skal svæðisstjórn kanna vandlega heimilishagi og aðstæður í þeim tilgangi að meta hæfni og möguleika viðkomandi fjölskyldu til að sinna hlutverki sínu. Tekið skal tillit til óska forráðamanna hins fatlaða við val á stuðningsfjölskyldu.

Svæðisstjórn skal sjá til þess að stuðningsfjölskyldur fái nauðsynlegar upplýsingar um þann einstakling sem hann tekur í umsjá sína skv. 1. gr., m. a. með því að stuðla að kynnum milli fjölskyldu hins fatlaða og stuðningsfjölskyldu.

Félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, getur falið svæðisstjórnnum að sjá um fræðslu fyrir stuðningsfjölskyldur um málefni og umönnun fatlaðra.

3. gr.

Peir aðilar, sem hyggjast notfæra sér stuðningsfjölskyldu, skulu snúa sér til viðkomandi svæðisstjórnar, sem sér um tilhögun dvalar og umsjár svo og samningsgerð þar að lútandi, sbr. 4. gr.

4. gr.

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil, sjá 4. mgr.

Svæðisstjórn skal gera samning við stuðningsfjölskyldur um þau atriði sem fram koma í reglugerð þessari. Í samningi skal og kveða á um ábyrgð og umönnunarskyldu stuðningsfjölskyldu gagnvart hinum fatlaða og fjölskyldu hans.

Samningar þessir skulu gerðir á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa. Afrit af samningnum skal senda ráðuneytinu.

Hámark samfelldrar dvala skal vera 3 sólarhringar að jafnaði í mánuði, en heimilt er að víkja frá því, enda fari dvöl ekki fram yfir 15 sólarhringa á 3ja mánaða tímabili.

Eigi er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón nema tveggja fatlaðra einstaklinga í senn, nema um sé að ræða systkini.

5. gr.

Greiðsla til stuðningsfjölskyldu, sem samið hefur verið við skv. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal vera sólarhringsgjald, er nemur 5,5% af 0,50 lfl. 1. þrepi BSRB. Greiðslur fari fram hjá ríkisfélhíði.

Kostnaður vegna flutnings til og frá stuðningsfjölskyldu greiðist af þeim aðila, sem þjónustunnar nýtur.

Greiðslur, skv. reglugerð þessari, skerða ekki aðrar greiðslur/aðstoð, sem hinn fatlaði eða aðstandendur hans kunna að njóta.

6. gr.

Svæðisstjórnir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar hver á sínu svæði.

7. gr.

Svæðisstjórnir skulu sjá til þess að stuðningsfjölskyldur undirriti þagnarheit varðandi þær upplýsingar, sem þær fá um einkahagi hins fatlaða og fjölskyldu hans.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. ágúst 1985.

Alexander Stefánsson.

Margrét Margeirsdóttir.

2. september 1985

Nr. 346

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976
um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 2 400,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 200,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 409 12. september 1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. september 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

11. september 1985

Nr. 347

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki,
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Reglugerð nr. 500/1984, um breyting á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, er felld úr gildi frá deginum í dag að telja.

Menntamálaráðuneytið, 11. september 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.